



Selfossi 18. september 2020

Fundargerð stjórnar

9. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn föstudaginn 18. september 2020, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.

Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Arna Ír Gunnarsdóttir, Halldóra Hjörleifsdóttir, Gísli Halldór Halldórsson, Ingibjörg Harðardóttir, Sverrir Haukur Grönli, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.

1. Útboð á stigabíl

Pétur sagði frá stöðunni á útboðinu á stigabílnum. Útboðið var unnið í samstarfi við Slökkvilið Akureyrar en auglýsingin tafðist fram yfir sumarfrí. Tilboðin verða opnuð næstkomandi mánudag, 21. september, og mun Pétur verða viðstaddur opnunina.

Pétur lagði fram minnisblað dagsett 8. september sl. varðandi breytingar á kostnaðaráætlun vegna útboðsins. Áætlaður kostnaður við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2020 var 722.000 evrur eða 100 milljónir íkr, en gengi evru hefur hækkað um 19% síðan þá og því er kostnaðaráætlun í dag miðað við 722.000 evrur um 119 milljónir. Ef tilboð reynast í takt við kostnaðaráætlun þarf að hækka áætlunina í takt við gengisbreytingar verði kaupin samþykkt.

Pétur mun upplýsa formann um stöðu mála eftir opnun útboða og í kjölfarið verður boðað til stjórnarfundar til ákvörðunartöku.

2. Kjarasamningar LSOS

Pétur fór yfir launabreytingar sem hafa orðið vegna nýs kjarasamnings og um ákvæði kjarasamninga um styttingu vinnuviku og breytingar á orlofi og áhrif þess. Umræður um stöðuna og áhrif á rekstur BÁ.

3. Fjárhagsstaða BÁ

Pétur fór yfir fjárhagsstöðu BÁ 31.7.2020, en útlit er fyrir að fjárhagsáætlun 2020 komi til með að standast og ekki þurfi að auka fjármuni í rekstur BÁ 2020.

4. Erindi frá Flóahreppi

Brunavörnum Árnæssýslu barst bréf frá Flóahreppi, dagsett 10. september 2020, vegna

athugasemda Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins við samþykktir Brunavarna Árnassýslu.

Eyþór sagði frá því að sambærilegt erindi hefði verið tekið fyrir á fundi framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar og samþykkt að fá endurskoðendur til að yfirfara samninga.

Erindinu vísað til framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar.

5. Umræður um slökkvistöð á Flúðum

Pétur sýndi hugmyndir sem dregnar hafa verið upp á nýrri björgunarmiðstöð á Flúðum, hugmyndirnar verða sendar til hönnuða til kostnaðargreiningar.

6. Brunabótamat og íbúabróun

Pétur fór yfir þróun brunabótamats og íbúafjölda í Árnassýslu undanfarin ár. Á síðustu 10 árum hefur hækkun brunabótamats í Árnassýslu verið 343 milljarðar, eða 89% hækkun.

Hækkun milli áráanna 2019 og 2020 var 110 milljarðar.

Íbúum hefur fjölgað um 3.238 eða 21% á síðustu 10 árum, en fjölgunin var 845 milli 2019 og 2020 eða 4,7%

Í Árnassýslu eru 5722 sumarhús, 42% allra sumarhúsa á Íslandi.

7. Fjárhagsáætlun 2021

Pétur talaði um áherslur í fjárhagsáætlun vegna 2021. Núna eru tveir menn í dagvinnu á útkallssviði en samkvæmt reglugerð 723/2017 ættu þeir að vera 7-9. Áætlunin var að ráða fjóra menn 2019 en því var breytt í þá tvo sem ráðnir voru inn. 2020 var áætlunin að ráða tvo í viðbót en Héraðsnefnd ákvað að fresta því milli ára.

Í fjárhagsáætlun 2021 koma einnig inn töluverðar launahækkanir og taka þarf tillit til styttingar vinnuviku og lengingar orlofs.

Bygging slökkvistöðvar á Flúðum er á leið í kostnaðargreiningu og von er á tilboði í viðgerð á múrkerfi við Árveg 1.

Umræður um áherslupunkta í gerð fjárhagsáætlunar 2021.

8. Önnur mál

- a. Pétur sagði frá stöðu mála á hjólhýsasvæðum í Þjórsárdal og á Laugarvatni. Á báðum stöðum hefur verið tekin ákvörðun um að endurnýja ekki leigusamninga við hjólhýsaeigendur.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 9.35